



Héraðsnefnd Árnesinga bs.

8. fundur haldinn í Vatnsholti, Flóahreppi 27. apríl 2016 kl. 9:15

1. Fundarsetning

Ari Björn Thorarensen, formaður Héraðsnefndar Árnesinga, setti fundinn og bauð fulltrúa velkomna. Síðan var gengið til dagskrár.

2. Fundargerðir framkvæmdastjórnar og fagráða.

Fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 7 frá 15. og 16. október var lögð fram og samþykkt. Einnig voru fundargerðir framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. nr. 13 frá 27. október, nr. 14 frá 4. desember, nr. 15 frá 22. janúar og nr. 16 frá 8. mars, lagðar fram og staðfestar.

Til máls tóku um 15. fundargerð frá 22. janúar, auk formanns, Unnur Þormóðsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Njörður Sigurðsson, Ragnar Magnússon, Kjartan Björnsson, Gunnar Egilsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Sveinn Steinarsson og Helgi Kjartansson.

Til máls tók um 16. fundargerð frá 8. mars undir lið 3, önnur mál, Aldís Hafsteinsdóttir og upplýsti um stöðu mála varðandi húseignina að Hrísholti 8, Selfossi.

Kjartan Björnsson, Ásta Stefánsdóttir og Arna Ír Gunnarsdóttir tóku til máls.

Héraðsnefnd samþykkir að fela Aldísi Hafsteinsdóttur að sjá um setja húseignina að Hrísholti 8 á sölu og óska eftir tilboðum í eignina.

Til máls tóku auk formanns, um 17. fundargerð frá 22. apríl, lið 2, málefni Brunavarna, Skafti Bjarnason, og Gunnar Þorgeirsson.

Til máls tóku auk formanns, um 17. fundargerð frá 22. apríl, lið 3, starfsmannamál, Arna Ír Gunnarsdóttir, Njörður Sigurðsson, Kjartan Björnsson, Sandra Dís Hafþórsdóttir, Gunnar Egilsson, Helgi S. Haraldsson, Gunnar Þorgeirsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Sveinn Steinarsson, Ragnar Magnússon, Unnur Þormóðsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason og Ásta Stefánsdóttir.

3. Fundargerðir stofnana

Fundargerðir stofnana verða lagðar fram um leið og ársreikningar verða lagðir fyrir.

4. Málefni Alviðru

Árni Eiríksson tók til máls og upplýsti um málefni Alviðru og hvað hafði verið rætt um á fundum stjórnar Alviðrustofnunar. Einnig lagði hann fram eftirfarandi tillögu stjórnar um framtíð Alviðru í Ölfusi og Öndverðarness II í Grímsnesi:

Framtíð Alviðru í Ölfusi og Öndverðarness II í Grímsnesi

Tillaga lögð fyrir vorfund Héraðsnefndar Árnesinga 2016

Vorfundur Héraðsnefndar Árnesinga 27. apríl 2016 veitir stjórn Alviðrustofnunar umboð til sölu á jörðinni Alviðru í Ölfusi með þeim skilmálum sem er að finna í gjafabréfi Magnúsar Jóhannessonar bónda þar og að því gefnu að kaupandi finnist sem að mati stjórnar Alviðrustofnunar er hæfur til að uppfylla þá skilmála. Öndverðarness II í Grímsnesi verði áfram í eigu núverandi eigenda og friðað og óskert með öllu í samræmi við gjafabréfið.

Tillagan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Árni Eiríksson, Gunnar Þorgeirsson og Ásta Stefánsdóttir.

Lagt er til að Árni Eiríksson og Aldís Hafsteinsdóttir vinni áfram að málefnum Alviðru. Var það samþykkt samhljóða.

5. Ársreikningar 2015

Ársreikningur Héraðsnefndar Árnesinga bs

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, fór yfir reikninginn. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Ársreikningur Listasafns Árnesinga.

Inga Jónsdóttir sat fyrir svörum.

Fundargerðir fagráðs Listasafns Árnesinga frá 19. febrúar og 18. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Inga sýndi svipmyndir af safninu með skemmtilegri vídeókyrningu. Þar bar að líta svipmyndir frá sýningum og uppákomum í safninu á árinu. Tæplega 12.000 gestir sóttu safnið á árinu 2015. Ræddi hún um að flestir gestanna væru íslenskir þó erlendir

ferðamenn séu einnig á ferðinni. Henni finnst fjöldi barna sem heimsækja safnið ekki vera nógur og ræddi um að hvert barn í sýslunni ætti að heimsækja safnið minnst einu sinni á grunnskólagöngu.

Sýningin Ákall var mjög skemmtilegt verkefni og náði það verkefni vel út til skólanna. Aðeins hefur gestum fækkað miðað við sama tíma í fyrra.

Talaði hún um að ekki sé auðvelt að ná sér í styrki fyrir safnið en það er bæði tímafrekt og hefur ekki verið að skila miklu miðað við þá vinnu sem liggur að baki hverri umsókn.

Nú er að ljúka sýningu með fjölda listaverka úr keramíki.

Á sumardaginn fyrsta var opnuð sýning í safninu um japanska blómaskreytilist. Þann 14. maí nk. verða svo opnaðar tvær sýningar, önnur eftir Rúrí og hin Pétur Thomsen. Einnig var rætt var um hvort og hvernig hægt væri að fá auknar tekjur inn í safnið.

Stefnt er að því að stjórn listasafnsins ásamt safnstjóra heimsæki Hafnarhúsið, Gerðarsafn og Listasafn Ísland.

Stjórn Listasafnsins mun leggja fram stefnumörkun fyrir safnið á haustfundi.

Til máls tóku auk formanns, Gunnar Egilsson, Gunnar Þorgilsson, Helgi Kjartansson, Helgi S. Haraldsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Kjartan Björnsson, Njörður Sigurðsson og Björgvin Skafti Bjarnason.

Ársreikningur safnsins var lagður fram og staðfestur.

Ársreikningur Byggðasafns Árnesinga

Lýður Pálsson sat fyrir svörum.

Fundargerðir fagraðs Byggðasafns Árnesinga nr. 8. frá 14. mars og nr. 9. frá 19. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Lýður tók til máls um 8. fundargerð frá 14. mars og fór yfir ársskýrslu safnsins. Gestafjöldi jókst um 12%, um 4900 gestir komu í safnið á árinu 2015. Safnið er auglýst meðal annars á facebook með heimasíðu en spurningin er hvernig best er að auglýsa safnið.

Aukin útgjöld hafa orðið á safninu, helst hefur það verið úr af kjarasamningum. Hann hefur áhyggjur af fjárhagsstöðu safnsins en nú eru ekki lengur til peningar í sjóði. Sýningin Dulúð í Selvogi verður sett upp fljótlega og eru munir að verða komnir í hús. Sýningaraðstaðan í Kirkjubæ er að verða tilbúin og verður opnað þar um leið og hægt er.

Lýður tók til máls um 9. fundargerð frá 19. apríl og fór yfir ársreikning safnsins. Einnig sagði hann frá styrk frá Húsafriðunarsjóði upp á 1,6 milljón kr. til að mála Assistentahúsið og tjarga Húsið.

Sagði hann frá listgjörningi á safninu sem mun fara fram í safnhúsum í Árnessýslu í ágúst, í Húsinu á Eyrarbakka, Listasafni Árnesinga og við Ráðhús Árborgar.

Húsið mun opna 1. maí nk. Búið er að ráða sumarfólk, sumarsýningin mun opna 18. maí.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson, Sveinn Steinarsson, Unnur Þormóðsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason og Kjartan Björnsson.

Ársreikningur safnsins var lagður fram og staðfestur.

Ársreikningur Héraðsskjalasafns Árnesinga

Þorsteinn Tryggvi Músson sat fyrir svörum.

Fjögur stöðugildi hafa verið á safninu á síðastliðnu ári en mikil aukning hefur orðið á málum á árinu og er nú orðin þörf fyrir eitt stöðugildi í viðbót til að anna því sem kemur inn á ári. Farið er mjög reglulega út í sveitirnar og skjöl sótt til skráningar í safninu en það eru útistandandi mörg skjöl í skólum og leikskólum. Safnið er í hverri viku að sinna einhverju fyrir sveitarfélögin og líður ekki sú vika að ekki sé leitað til safnsins frá þessum aðilum.

Miklar breytingar hafa orðið á vinnuástöðu hjá safninu eftir að geymslan í Gagnheiðinni var tekin í notkun en þörf er á að bæta aðstöðuna á Austurveginum eftir að gögn hafa verið færð á milli.

Rúmlega 1100 gestir komu í heimsókn á árinu 2015.

Héraðsskjalasafnið er ekki með ákveðnar sýningar en árið 2015 var sett upp sýningin Konur á vettvangi karla. Sýningin var í Listagjanni í Bókasafni Árborgar og var páskaýningin í Húsinu á Eyrarbakka.

Sótt hefur verið um tvo styrki á árinu 2016 til miðlunarverkefna. Fyrirhugað er að skrá úr gerðarbókum sveitarfélaga og úr hreppsblöðum í sýslunni.

Nýtt logo var kynnt fyrir Héraðsskjalasafnið en ákveðið var að búa til logoið í tilefni af 30 ára afmæli safnsins en til þessa hefur safnið verið að nota logo héraðsnefndar.

Til máls tóku auk formanns Kjartan Björnsson, Gunnar Þorgeirsson, Sveinn Steinarsson, Njörður Sigurðsson og Björgvin Skafti Bjarnason.

Fundargerðir fagráðs Héraðsskjalasafns Árnesinga frá 26. nóvember og 22. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Ársreikningur fyrir safnið var lagður fram og staðfestur.

6. Almannaþingin Árnessýslu

Erindi frá lögreglustjóra vegna samstarfsverkefnis.

Formaður tók til máls og bauð Odd Árnason, yfirlögregluþjón, og Víði Reynisson, lögreglufulltrúa, velkomna.

Oddur Árnason tók til máls og skilaði kveðju frá lögreglustjóra sem ekki gat verið á

fundinum. Frá því í ágúst í fyrra hefur verið í gangi vinna um almannavarnamál sem Víðir Reynisson hefur sinnt en hann var skipaður í starfið til eins árs. Nú þarf að taka ákvörðun um hvort þessu verkefni skuli framhaldið. Það er mat lögreglu að vel hafi til tekist með þessu verkefni en þörf fyrir vinnu að almannavarnamálum fer vaxandi, ekki síst vegna aukinnar ferðamennsku á svæðinu. Margt hefur áunnist og mikilvægt er að halda því áfram, ljúka þarf áætlunum fyrir sveitarfélögin og jafnvel fara í að endurmeta fyrri áætlanir. Margar viðbragðsáætlanir bíða, huga þarf að viðbragðsáætlunum stærri vinnustaða, halda þarf áfram að þjálfa stjórnendur og þjálfra og samhæfa viðbragðsaðila.

Víðir Reynisson tók til máls og ræddi um vinnu lögreglufulltrúa að málefnum er varða almannavarnir í umdæmi lögreglustjórans á Suðurlandi. Ýmis námskeið hafa verið haldin, einnig voru haldnar kynningar fyrir Rauða krossinn og HSU.

Að undanfögnu hefur Víðir Reynisson, lögreglufulltrúi, unnið að yfirferð hættumats og viðbragðsáætlanagerð vegna ýmissa verkefna. Má þar nefna hópslysaáætlun fyrir Suðurland, hættumat vegna eldgosa, jarðskjálfta og hlaupa, Herjólfsáætlun og önnur fólksflutningaskip, flugslysaáætlun vegna flugvallarins á Höfn og hryðjuverkaáætlun. Haldnar hafa verið æfingar og ber þar einna helst að nefna hópslysaæfingu við gömlu Þjósárbrúna 21. apríl sl. en yfir 200 manns tóku þátt í æfingunni, var þetta samstarfsverkefni Árnes- og Rangárvallasýslu. Samstarfið og samstaðan var til fyrirmyndar og allt gekk mjög vel og margt var hægt að læra af henni. Einnig var haldin flugslysaæfing á Höfn sl. haust og er stefnt að því að halda tvær minni æfingar í vor utan alfaraleiðar, t.d. að fjallabaki og austan Víkur.

Langtímaviðbrögð við samfélagslegum áföllum er verkefni sem unnið er að með minni sveitarfélögunum en einnig á að uppfæra eldri áætlanir fyrir Árborg og Hveragerði.

Það voru gerðar viðbragðsáætlanir eftir Suðurlandsskjálftann en þessar áætlanir hafa verið notaðar sem viðmið fyrir áætlanir fyrir minni sveitarfélögin.

Unnið hefur verið að öryggismálum vegna ferðamanna í Reynisfjöru. Að lokum greindi Víðir frá því að lagðar hafa verið fram tillögur fyrir stjórnstöð ferðamála um eflingu löggæslu og landvörslu, lagfæringu vega, vetrarþjónustu og fræðslu. Var vel tekið í það og bíða þeir spenntir eftir að hægt verði að fara í þessar framkvæmdir.

Oddur og Víðir svöruðu fyrirspurnum fundarmanna.

Til máls tóku auk formanns Njörður Sigurðsson, Gunnar Þorgeirsson, Helgi Kjartansson, Aldís Hafsteinsdóttir, Sveinn Steinarsson og Helgi S. Haraldsson.

Héraðsnefnd Árneseinga bs. lýsir yfir áhyggjum af stöðu löggæslumála á Suðurlandi. Héraðsnefnd Árneseinga bs. beinir því til innanríkisráðuneytisins að fjármagn til málaflokksins verði aukið. Héraðsnefnd telur óeðlilegt að tekjuaukning ríkisins vegna stóraukinnar ferðaþjónustu nýtist ekki til að mæta álagi í löggæslu og skorar á yfirvöld að sjá til þess að tekjuaukningin skili sér til rekstrar innviða samfélagsins þannig að unnt sé að sinna nauðsynlegum verkefnum lögreglu.

Ársreikningur Almanna- og Árnissýslu

Ásta Stefánsdóttir, formaður almanna- og Árnissýslu, fór yfir reikninginn og fundargerðir. Reikningurinn var lagður fram og staðfestur.

Fundargerðir framkvæmdaráðs Almanna- og Árnissýslu nr. 14 frá 19. janúar, nr. 15 frá 31. mars og nr. 16 frá 25. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Lagt var fram minnisblað frá lögreglustjóranum á Suðurlandi um að auglýsa stöðu lögreglufulltrúa.

Héraðsnefnd Árnissýslu samþykkir að taka þátt í verkefninu til ársins 2017 og tekið sé mið af því að kostnaður sveitarfélaganna verði 300 kr. á íbúa og unnið verði að þeim verkefnum sem upphaflega var miðað við.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Helgi S. Haraldsson, Gunnar Þorgeirsson, Ásta Stefánsdóttir og Magnús Gíslason.

7. Ársreikningar 2015

Ársreikningur Tónlistarskóla Árnissýslu.

Robert Darling og Helga Sighvatsdóttir sátu fyrir svörum.

Robert Darling sagði frá skólaári Tónlistarskóla Árnissýslu. Töfrandi ár er besta lýsing skólaársins sem var bæði spennandi og annasamt. Auk hefðbundins tónleikahalds og frábærs árangurs í prófum var sett upp Töfraflauta Mozarts. Var hún flutt í tvígang í Hveragerðiskrikju en einnig í Kaldalóni í Hörpu.

Starfsfólk tónlistarskólans er á leið í náms- og kynningarferð í lok maí til Helsinki og Tallinn.

Tónlistarskólinn hefur boðið upp á forskólakennslu í 2. bekk í samvinnu við grunnskóla í sýslunni. Þykir nú tímabært að gera breytingar á þeirri kennslu og er verið að þróa nýjar forskólaleiðir sem henta skólanum betur.

Einnig ræddi Róbert um kjaramál kennara við skólann.

Í lokin þakkaði hann Ragnari Magnússyni fyrir mjög gott samstarf í fagráði Tónlistarskóla Árnissýslu.

Til máls tóku auk formanns Aldís Hafsteinsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Helgi Kjartansson, Ragnar Magnússon, Gunnar Þorgeirsson og Njörður Sigurðsson.

Fundargerðir fagráðs Tónlistarskóla Árnissýslu nr. 175 frá 25. janúar og nr. 176 frá 4. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Ársreikningur Tónlistarskóla Árnissýslu var lagður fram og staðfestur.

Ársreikningur Brunavarna Árnæssýslu

Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir koma á fundinn frá BÁ og sátu fyrir svörum.

Pétur tók til máls og fór yfir verkefni brunavarna á árinu 2015. Heildarfjöldi útkalla á árinu voru 232. Flest útkalla eru tengd bruna, næst á eftir koma umferðaróhöpp en einnig er veitt aðstoð við ýmis önnur verkefni. Fór hann yfir skiptingu útkalla miðað við sveitarfélög.

Pétur fór yfir aukningu á bílaumferð um Helligheiði, frá Geysi að Gullfossi og milli Selfoss og Hveragerðis á árunum 2012-2015. Einnig ræddi hann um fjölgun erlendra ferðamanna.

Til máls tóku auk formanns Helgi S. Haraldsson, Gunnar Þorgeirsson, Unnur Þormóðsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir og Björgvin Skafti Bjarnason.

Ársreikningur Brunavarna Árnæssýslu var lagður fram og staðfestur.

Fundargerð fagráðs Brunavarna Árnæssýslu nr. 12. frá 20. október var lögð fram og staðfest.

Fundargerðir stjórnar Brunavarna Árnæssýslu nr. 1 frá 22. janúar, nr. 2 frá 24. febrúar, nr. 3 frá 30. mars og nr. 4 frá 19. apríl voru lagðar fram og staðfestar.

Lántaka vegna Brunavarna Árnæssýslu

Pétur tók til máls um byggingu nýrrar slökkviliðsstöðvar í Árnesi. Landsvirkjun er tilbúin að gera þjónustusamning við BÁ til 6 ára upp á 44.000.000 kr. og leggur BÁ vinnuframlag á móti.

Formaður og slökkviliðsstjóri kynnti þjónustusamning milli Brunavarna og Landsvirkjunar, var hann lagður fram og borinn undri atkvæði og samþykktur samhljóða.

Til máls tóku auk formanns Gunnar Þorgeirsson.

Héraðsnefnd Árnesinga bs. samþykkir hér með viðauka við fjárhagsáætlun upp á 44.000.000 kr. vegna kaupa á slökkvistöð í Árnesi. Fjárfestingunni verður mætt með lántöku.

Eftirfarandi tillaga lögð fram og samþykkt samhljóða:

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga bs. samþykkir hér með að Brunavarnir Árnæssýslu taki lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 74.000.000 kr. til 8 ára, í samræmi við samþykktu skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er lánið tekið til að fjármagna kaup á tankbifreiðum og slökkvistöð í Árnesi sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Pétur Péturssyni kt.210873-5979, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Brunavarna Árnassýslu að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Áformað er að taka lánið í tvennu lagi.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus, sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

Umræða um Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands.

Pétur svaraði fyrirspurnum um Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands.

Til máls tóku Aldís Hafsteinsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Björgvin Skafi Bjarnason, Njörður Sigurðsson og Sveinn Steinarsson.

8. Málefni FSu, lántaka vegna verknámshúss

Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður, tók til máls og skýrði frá lántöku FSu vegna verknámshúss.

Gunnar Þorgeirsson og Ásta Stefánsdóttir tóku til máls.

Eftirfarandi tillaga lögð fram og samþykkt samhljóða

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga bs. samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 300.000.000 kr. til 18 ára, í samræmi við samþykta skilmála lánveitingarinnar sem liggja fyrir fundinum. Er lánið tekið til að fjármagna viðbyggingu við Fjölbrautaskóla Suðurlands, sem fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Ingibjörgu Garðarsdóttur, kt. 031072-3289, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Héraðsnefndar Árnesinga bs. að undirrita lánessamning við Lánasjóð sveitarfélaga f.h. Héraðsnefndar Árnesinga bs. sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari. Áformað er að taka lánið í tvennu lagi.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði, standa einfaldar óskiptar ábyrgðir allra eigenda sem eru Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og

Sveitarfélagið Ölfus, sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja þau til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68. gr. sömu laga.

9. Kosningar – Skipan framkvæmdastjórnar samkvæmt 6. gr. og stjórnna samkvæmt 4. gr. stofnsamnings

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður kjörnefndar, tók til máls og lagði fram tillögur að fulltrúum í framkvæmdastjórn og stjórn stofnana.

Skipan kjörnefndar

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður

Ásta Stefánsdóttir

Gunnar Þorgeirsson

Var það samþykkt samhljóða.

Kosning formanns og varaformanns fulltrúaráðs

Lagt var til að Ari Björn Thorarensen verði formaður fulltrúaráðs, var það samþykkt samhljóða og tók hann við stjórn fundarins.

Lagt var til að Sveinn Steinarsson verði varaformaður fulltrúaráðs. Var það samþykkt samhljóða.

Kosning framkvæmdastjórnar til tveggja ára

Lagt var til að framkvæmdastjórn verði skipuð eftirfarandi aðilum:

Ari B. Thorarensen, formaður

Sveinn Steinarsson, varaformaður

Aldís Hafsteinsdóttir

Arna Ír Gunnarsdóttir

Halldóra Hjörleifsdóttir

Varamenn:

Ásta Stefánsdóttir

Ármann Einarsson

Eyþór Ólafsson

Kjartan Björnsson

Helgi Kjartansson

Skipan þriggja manna stjórnna fyrir allar stofnanir nema Brunavarnir Árnessýslu, þar er fimm manna stjórn.

Eftirtaldar tillögur um stjórnir á vegum Héraðsnefndar Árneseinga bs. voru samþykktar samhljóða:

Stjórn Tónlistarskóla Árnesinga:

Halldóra Hjörleifsdóttir, formaður
Sandra Dís Hafþórsdóttir
Ágústa Ragnarsdóttir

Til vara:

Helgi Kjartansson
Helga Þórey Rúnarsdóttir
Viktoría Kristinsdóttir

Stjórn Byggðasafns Árnesinga:

Arna Ír Gunnarsdóttir, formaður
Róbert Hlöðversson
Valgerður Sævarsdóttir

Til vara:

Eggert Valur Guðmundsson
Guðmundur Oddgeirsson
Halldóra Hjörleifsdóttir

Stjórn Héraðsskjalasafns Árnesinga:

Sveinn Steinarsson, formaður
Kjartan Björnsson
Svanhvít Hermannsdóttir

Til vara:

Til vara:
Elínborg M. Ólafsdóttir, Hveragerði
Óskar G. Jónsson, Árborg
Eydís Indriðadóttir, Flóahreppi

Stjórn Listasafns Árnesinga:

Aldís Hafsteinsdóttir, formaður
Brynhildur Jónsdóttir
Unnsteinn Eggertsson

Til vara:

Þrúður Sigurðardóttir
Jóna Sigurbjartsdóttir
Linda Sverrisdóttir

Stjórn Brunavarna Árnassýslu

Ari B. Thorarensen, formaður
Ingibjörg Harðardóttir
Eyþór H. Ólafsson
Ásta Stefánsdóttir
Jón G. Valgeirsson

Til vara:

Magnús Gíslason
Kristófer Tómasson
Unnur Þormóðsdóttir
Helgi Haraldsson
Valtýr Valtýsson

Tillaga kjörnefndar var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

a) Gunnar Þorgeirsson tók til máls um sameiningu sveitarfélaga

Gunnar vildi kanna hug fundarmanna um umræður sveitarstjórna um sameiningu sveitarfélaga í Árnassýslu í eitt sveitarfélag.

Til máls auk formanns tóku Sveinn Steinarsson, Aldís Hafsteinsdóttir, Njörður Sigurðsson, Arna Ír Gunnarsdóttir, Unnur Þormóðsdóttir, Gunnar Þorgeirsson, Helgi S. Haraldsson, Ásta Stefánsdóttir og Ragnar Magnússon

Ragnar Magnússon þakkaði héraðsnefndarmönnum fyrir samstarfið en hann er búinn að sitja héraðsnefndarfundi í all mörg ár en er nú að láta af störfum í sveitarstjórn.

Formaður þakkaði fundarmönnum fyrir fundinn og þakkaði Ragnari Magnússyni sérstaklega fyrir hans störf í þágu héraðsnefndar og gott samstarf og óskaði honum velfarnaðar í því sem hann tekur sér fyrir hendur. Að lokum óskaði hann fundarmönnum góðrar heimferðar.

Fundinn sátu:

Ari Björn Thorarensen	Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir	Árborg
Sveinn S. Steinarsson	Sveitarfélagið Ölfus
Ragnar Magnússon	Hrunamannahreppur
Gunnar Þorgeirsson	Grímsnes- og Grafningshreppur
Árni Eiríksson	Flóahreppur
Björgvin Skafi Bjarnason	Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Helgi Kjartansson	Bláskógabyggð
Bjarney Vignisdóttir	Hrunamannahreppur
Aldís Hafsteinsdóttir	Hveragerði
Njörður Sigurðsson	Hveragerði
Unnur Þormóðsdóttir	Hveragerði
Ásta Stefánsdóttir	Árborg
Sandra Dís Hafþórsdóttir	Árborg
Helgi S. Haraldsson	Árborg
Kjartan Björnsson	Árborg
Gunnar Egilsson	Árborg
Magnús Gíslason	Árborg
Ingibjörg Garðarsdóttir	fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir	ritari